



FUNDARGERÐ

- Yfirskrift / efni:** 15. fundur stjórnar KLÍ, 2012-2013
- Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ
- Hvenær:** Miðvikudagur 1.5.2013 kl. 17:30
- Þátttakendur:** Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMP) formaður
Heiðar Rafn Sverrisson (HRS)
Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) varamaður
Jón Grímsson (JG)
Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður
Höskuldur Höskuldsson (HH)
Karenina Kristín Chiodo (KKC) varamaður
- Boðuð forföll:** Ólafur Páll Vignisson (ÓPV)
Sigurbjörn St. Vilhjálmsson (SSV) starfsmaður KLÍ
- Fjarverandi:** Ingi Geir Sveinsson (IGS)
- Fundarritari:** HRS

Helstu mál: Ársþing KLÍ, Árshátíð KLÍ, Önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Ársþing KLÍ:

Stjórnarmennirnir ÓPV og IGS eru búnir með tveggja ára tímabil í stjórn KLÍ. ÓPV gefur ekki kost á sér aftur í stjórn, en IGS býður sig fram aftur. Einnig gefur JG kost á sér í stjórn.

Farið var yfir tillögur um reglugerðarbreytingar og fyrst var skoðuð breytingartillaga frá unglínganefnd og samþykkt var að leggja þá tillögu fyrir formannafund.

Tillaga frá ÍR um breytingu á Reglugerð fyrir Bikarkeppni liða rædd og samþykkt að leggja hana fyrir formannafund.

Tillaga frá ÍR um breytingu á Reglugerð fyrir Íslandsmót liða rædd og samþykkt að leggja hana fyrir formannafund.

Tillaga frá KFR um breytingu á Reglugerð fyrir meistarakeppni ungmenna rædd og talið að unglínganefnd þurfi að koma að málinu og samþykkt að leggja hana fyrir formannafund til skoðunar.

Tillaga frá stjórn KLÍ um Reglugerð fyrir Íslandsmót 55 og eldri. Fram kom tillaga um að stytta mótið og breyta heiti í Reglugerð fyrir Íslandsmót öldunga og samþykkt var að leggja hana þannig breytta fyrir formannafund.

ÞMP kynnti þær lagabreytingar sem gera þarf á lögum sambandsins og leggja þarf fyrir ársþing KLÍ, en lagabreytingarnar þessar þarf að gera að kröfu ÍSÍ.

2. Árshátíð KLÍ:

Farið var yfir hverjir þiggja boð KLÍ á árshátíðina og er tala boðsgesta kominn í 26 manns. ÞMP mun ganga ganga frá miðakaupum.

3. Önnur mál:

Rætt var um lyfjamál og kynnti ÞMP hver staðan væri á lyfjamáli sem kom upp í Íslandsmóti einstaklinga.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 18:45. Næsti fundur hefur ekki verið ákveðin.